

Festa

Miðstöð um samfélagsábyrgð fyrirtækja

Ársreikningur 2017

Festa
Menntavegi 1
101 Reykjavík
kt. 711011-0210

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymi	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar

Festa, miðstöð um samfélagsábyrgð fyrirtækja, var stofnuð árið 2011 af sex fyrirtækjum: Íslandsbanka, Landsbankanaum, Rio Tinto Alcan á Íslandi, Símanum og Össuri. Í lok árs 2017 voru aðildarfélög Festu orðin 93 talsins en voru 88 í ársbyrjun.

Festa er almennt félag og er stjórn félagsins kosin á aðalfundi ár hvert. Tilgangur félagsins er að auka þekkingu á samfélagsábyrgð fyrirtækja og efla getu fyrirtækja til að tileinka sér samfélagslega ábyrga starfshætti.


Tekjur félagsins námu alls 22,7 millj. kr. á árinu 2017. Hagnaður af rekstrinum nam 2,7 millj. kr. og var eigið fé 15,2 millj. kr. í árslok 2017.

Fjármögnun fyrir árið 2018 hefur verið tryggð með greiðslum á árgjaldi aðildarféлага fyrir rekstrarárið 2018.

Stjórn Festu og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Reykjavík, 9. apríl 2018

Stjórn:


Förmenningur Kersdóttir
Hinn fjálfeltingur
Andriður Þór Þorsson
Rósbjörg Jónsdóttir
Framkvæmdastjóri:
Pjetill Berg Magnússon

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og aðildarféлага Festu, miðstöðvar um samfélagsábyrgð fyrirtækja

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Festu fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2017, efnahagi þess 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga. Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Festu í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Festu. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það. Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg víska er mikil víska, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'FR', 'AKJ', 'ZAK', 'LUF', 'VSBM', and 'HKB'.

Áritun endurskoðanda, frh.:

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Reykjavík, 9. apríl 2018

INVICTA

Endurskoðun, ráðgjöf og bókhald

Handwritten signatures and initials:
FK, HSB, P&S, K&M, Di

Rekstrarreikningur ársins 2017

	Skýr.	2017	2016
Tekjur:			
Árgjöld aðildarféлага		20.062.500	17.615.000
Vaxtatekjur		81.148	147.263
Aðrar tekjur	3	2.559.638	4.433.030
	2	<u>22.703.286</u>	<u>22.195.293</u>
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	4	14.100.828	11.858.700
Skrifstofu- og stjórnarkostnaður	2,8	5.725.493	3.105.910
Vaxtagjöld	2	134.351	111.416
		<u>19.960.672</u>	<u>15.076.026</u>
Hagnaður ársins	7	<u>2.742.614</u>	<u>7.119.267</u>

Handwritten signatures and initials in blue ink, including names like AKJ, FK, and others.

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

Eignir	Skýr.	2017	2016
Veltufjámunir			
Kröfur á aðildarfélög og viðskiptavini		3.404.183	5.887.100
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		0	98.754
Handbært fé	6	<u>15.681.622</u>	<u>7.430.181</u>
Eignir samtals		<u><u>19.085.805</u></u>	<u><u>13.416.035</u></u>
 Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	7	<u>15.232.014</u>	<u>12.489.400</u>
 Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		1.924.097	137.048
Aðrar skammtímaskuldir		<u>1.929.694</u>	<u>789.587</u>
		<u>3.853.791</u>	<u>926.635</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>19.085.805</u></u>	<u><u>13.416.035</u></u>

Handwritten notes:
 RA HJ S KEAM
 FK RUF
 11/12 11/12

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður ársins		2.742.614	7.119.267
Breyting rekstartengdra eigna og skulda		5.508.827	(5.096.481)
Handbært fé frá rekstri		<u>8.251.441</u>	<u>2.022.786</u>
Hækkun handbærs fjár á árinu		8.251.441	2.022.786
Handbært fé í ársbyrjun		<u>7.430.181</u>	<u>5.407.395</u>
Handbært fé í árslok		<u><u>15.681.622</u></u>	<u><u>7.430.181</u></u>

By AFD KBM
FK Kuf JAK
USD J

Skýringar

1. Starfsemi

Festa, miðstöð um samfélagsábyrgð fyrirtækja, er almennt félag. Tilgangur félagsins er að auka þekkingu á samfélagslegri ábyrgð fyrirtækja og efla getu fyrirtækja til að tileinka sér samfélagslega ábyrga starfshætti. Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því að skipuleggja fjölbreytta starfsemi til að efla samskipti og fræðslu um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja. Stofnaðilar Festu eru: Alcan á Íslandi hf., Íslandsbanki hf., Landsbankinn hf., Landsvirkjun, Síminn hf. og Össur hf.

2. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningur Festu fyrir árið 2017 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreglum og er gerður í íslenskum krónum.

Tekjur eru færðar þegar skilyrði fyrir framlögum eru uppfyllt og þjónusta hefur verið innt af hendi.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Allur kostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til óháð greiðslu.

3. Tekjur

Á árunum 2011-2013 lögðu sex stofnaðilar fram 1.700.000 kr. hver, eða samtals 10.200.000 kr. Á árinu 2014 lögðu stofnfélögin sex fram viðbótarframlag að fjárhæð 2,1 millj. kr. Árið 2017 var þriðja árið eftir stofnun Festu þar sem skuldbindingar stofnfélaga um aukaframlag naut ekki við.

Samtals fjölgaði aðildarfélögum Festu um fimm til viðbótar við þau 88 sem fyrir voru. Árgjald aðildarfélaga er mishátt eftir stærð þeirra, hæst 350.000 kr. og lægst 40.000 kr., en þeim félögum sem gengu til liðs við Festu á síðustu vikum ársins var í einhverjum tilvikum veittur afsláttur af árgjaldi.

Tekjur af námskeiðum, ráðstefnum og fundum eru færðar á meðal annarra tekna. Tekjur vegna Janúarráðstefnu árið 2017 voru nettó kr. 893.000 en árið 2016 voru þær kr. 369.000. Á árinu 2017 var fyrirtækjum og félagasamtökum boðið að halda örfyrirlestra eða kynningar á Loftslagsfundum í desember. Þar var verið fyrir hvern þáttakanda 20.000 kr. og 25.000 kr. Á árinu 2016 var boðið uppá fræðsludagskrá í loftlagsmálum þar sem verðið var 69.000 kr. eða 139.000 fyrir hvern þáttakanda. Sala í fræðsludagskrá árið 2016 var mun meiri en salan á örfyrirlesturum og kynningum árið 2017 og það útskýrir mun annarra tekna á milli áruna 2016 og 2017.

4. Starfsmannamál

Tveir starfsmenn unnu hjá félaginu á árinu 2017. Framkvæmdastjórinn vann hjá félaginu allt árið en verkefnastjóri tók til starfa í hálf starfshlutfall á síðasta ársfjórðungi ársins. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2017	2016
Laun	11.887.253	10.088.500
Launatengd gjöld	2.213.575	1.770.200
	<u>14.100.828</u>	<u>11.858.700</u>

Handwritten signatures and initials in blue ink, including names like 'FK', 'HÖR', and 'HÖR'.

Skýringar, frh.:

5. Skattamál

Félagið er almennt félag og stundar ekki atvinnurekstur. Það er því undanþegið tekjuskatti. Félagið greiðir fjármagnstekjuskatt af eignatekjum.

6. Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum í íslenskum krónum.

7. Eigið fé

Breytingar á eigin fé greinast þannig á árinu:

	Óráðstafað eigið fé
Eigið fé 31.12.2016	12.489.400
Hagnaður ársins	2.742.614
Eigið fé 31.12.2017	15.232.014

8. Rekstrarkostnaður

Skrifstofu- og stjórnarkostnaður greinist þannig:

	2017	2016
Aðkeypt sérfræðipjónusta	347.800	947.545
Gagnaöflun og rannsóknir	1.156.672	351.054
Kostnaður vegna funda og námskeiða	1.353.299	254.692
Myndatökur og auglýsingar	425.452	109.248
Kostnaður vegna hönnunar á vef og vörumerki	351.837	195.402
Endurskoðunar- og bókhaldspjónusta	803.105	795.476
Ferðakostnaður og dagpeningar	129.063	111.000
Gjafir	31.060	0
Félags- og aðildargjöld	405.166	257.452
Annar rekstrarkostnaður	277.049	78.441
Afskrifaðar viðskiptakröfur	250.000	5.600
Áhöld og tæki	194.990	0
	5.725.493	3.105.910

Handwritten notes and signatures in blue ink, including "FK", "LARM", and "15/11/17".